

Aukaaðalfundur Félags framhaldsskólakennara, FF

7. nóvember 2016

Ágætu aðalfundarfulltrúar

Stjórn hefur kallað saman aðalfundarfulltrúa félagsins næstkomandi mánudag 7. nóvember 2016 kl. 15.00 til þess að kjósa tvo aðalmenn FF og einn til vara í stjórn Vísindasjóðs. Það er mat stjórnar að ekki verið hjá því komist að aðalfundur taki á málefnum sjóðsins.

Mig langar að telja upp nokkur atriði sem varða fundinn á mánudaginn.

Löglegur fundur

Þrjú lögfræðialit liggja fyrir um lögmæti þess að stjórn FF geti kallað saman aðalfundarfulltrúa á milli reglulegra aðalfunda. Það er viðurkennt í félagarétti að stjórnir félagasamtaka fara með æðsta vald á milli aðalfunda. Sé það mat stjórnar að nauðsynlegt sé að kalla saman aðalfund vegna tiltekinna mála er henni það heimilt.

Í lögum FF segir m.a. að aðalfundarfulltrúar séu kosnir til fjögurra ára. Má af því leiða að hægt sé að kalla þá saman ef stjórn metur það svo. Auðvitað verður æðsta samkoma félagsins að geta komið saman og fjallað um tiltekin mál. Í lögfræðialiti Harðar Guðmundssonar segir meðal annars:

Ef félaginu væri óheimilt að halda „aukaaðalfundi“ varðandi einstök mál gæti það leitt til meiri háttar vandamála innan félagsins, t.d. ef allir stjórnarmenn hafa látist o.s.frv. Það er almenn regla innan félagaréttar að æðsta valdaeining félags geti ávallt komið saman sé löglega boðað til slíkrar samkomu.

Lögfræðialit frá Láru V. Júlíusdóttur lögmanni Vísindasjóðs dregur lögmæti fundarins í efa á grundvelli þess að ekki hafi verið rétt til hans boðað. Þar vísar Lára í Rauða eplið, sem var ekki hið eiginlega fundarboð; formlegt fundarboð barst til aðalfundarfulltrúa og formanna félagsdeilda 15. september í tölvupósti og kom þar sannarlega fram tími og dagsetning ásamt dagskrá. Jafnframt kom fram að kosið yrði rafrænt og þeir sem það vildu gætu fundað í gegnum fjarfundarbúnað.

Þann 17. október barst FF hótun um lögbann á fundinn frá Lex lögmannsstofu fyrir hönd sjóðsstjórnar. Ekki hefur það verið lagt fram enda litlar líkur á að sýslumaður myndi samþykkja slíkan gjörning þegar um lögmætan og löglega boðaðan fund er að ræða.

Rekstur Vísindasjóðs hjá FF

Rekstrarkostnaður Vísindasjóðs myndi lækka við það að flytjast aftur í KÍ hús. Sé miðað við sömu reiknireglu og notuð er fyrir aðra sjóði hefði aðstöðugjald sjóðsins verið 5% af tekjum. Fyrir árið 2015 hefði það verið um 8,6 milljónir. Allur rekstrarkostnaður við sjóðinn nema laun stjórnar er innifalinn í þeirri upphæð. Laun stjórnar Vísindasjóðs fyrir árið 2015 voru 1,5 milljón en launakostnaður miðað við reglur Kennarasambandsins hefði verið um 600 þúsund. Kí greiðir ekki fyrir akstur á höfuðborgarsvæðinu en akstursgreiðslur til stjórnar Vísindasjóðs árið 2015 voru um 900 þúsund. Í samanburði við rekstur utan Kennarahúss hefðu þá sparast 2,5 milljónir. Sé lögfræðikostnaður dreginn frá (2 milljónir) hefði rekstrarkostnaður sjóðsins innan FF verið lægri og þjónustustig miklu hærra með opnun og símsvörun á skrifstofutíma alla daga vikunnar.

Þórey Hilmarsdóttir fyrrverandi formaður sjóðsins og núverandi talsmaður hefur dreift samanburði á rekstri sjóðsins innan og utan KÍ. Sá samanburður er rangur.

Samanburður á rekstri

Raunveruleikinn

	Sjálfstæður rekstur	Í þjónustu KÍ
2015		
Rekstur skrifstofu	5.852.935	8.600.000
Stjórn og aðkeypt sérfræðistörf	5.916.285	5.916.285
	<u>11.769.220</u>	14.516.285
		8.600.000
		600.000
		9.200.000

Plús stjórnarkostnaður sem væri 600 þús. Eins og hjá hinum endurmenntunarsjóðunum í húsinu

Sparnaður upp á 2,5 milljónir- 0,5 milljónir ef lögfræðikostnaður er dreginn frá

Hér fyrir neðan er leiðrétt skjal Þóreyjar miðað við réttar forsendur. Við aðstöðugjaldið innan KÍ bætast alltaf um 600 þúsund í stjórnarkostnað. Þannig verður samanburðurinn réttur.

2012

Rekstur skrifstofu
Stjórn og aðkeypt sérfræðistörf

Sjálfstæður rekstur	Í þjónustu KÍ
4.459.742	7.046.117
3.858.079	3.858.079
8.317.821	3.188.038

2013

Rekstur skrifstofu
Stjórn og aðkeypt sérfræðistörf

Sjálfstæður rekstur	Í þjónustu KÍ
4.562.891	7.263.191
4.490.413	4.490.413
9.053.304	2.772.778

2014

Rekstur skrifstofu
Stjórn og aðkeypt sérfræðistörf

Sjálfstæður rekstur	Í þjónustu KÍ
4.824.046	7.450.000
4.793.951	4.793.951
9.617.997	2.656.049

Hér má sjá ársreikning Vísindasjóðs FL og FLS (Félag leikskólakennara og stjórnenda leikskóla) og þar kemur skýrt fram að enginn rekstrarkostnaður leggst við aðstöðugjaldið annar en laun stjórnar.

Endurmenntunarsjóður leikskólans 2.720 félagsmenn Rekstrarreikningur 2015

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Rekstrartekjur	Skýr.	2015	2014	2013	2012
Framlög		204.084	183.985	165.601	157.369
		<u>204.084</u>	<u>183.985</u>	<u>165.601</u>	<u>157.369</u>
Rekstrargjöld					
Styrkir	5	200.890	152.606	154.602	174.534
Stjórn, nefndir og erindrektur		667	543	522	628
Aðstöðugjald í Kennarahúsinu		10.251	8.839	8.280	7.869
		<u>211.808</u>	<u>161.988</u>	<u>163.404</u>	<u>183.031</u>
Rekstrarhagnaður (-tap)		(7.724)	21.997	2.197	(25.662)

Málarekstur Vísindasjóðs FF/FS gegn KÍ

Nú eru allar kæruleiðir fullreyndar og á öllum stigum hefur Vísindasjóður tapað.

1. Niðurstaða Héraðsdóms 2013

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu gerðarbeiðanda, Vísindasjóðs FF og FS um að Héraðsdómur Reykjavíkur kveði á um skyldu gerðarþola, Kennarasambands Íslands, að veita stjórn gerðarbeiðanda aðgang að Bókunar- og innheimtumiðstöð gerðarþola, svokölluðu BIK kerfi, þar með talið BIK reikningi gerðarþola, sem er bankareikningur í BYR á kennitölu gerðarþola, að því er varðar allar færslur sem snerta fjárhag gerðarbeiðanda allt frá árinu 2008.

Gerðarbeiðandi greiði gerðarþola 300.000 krónur í málskostnað.

2. Frávísun Héraðssaksóknara

Stjórn Vísindasjóðs kærði starfsfólk Kennarasambands Íslands til lögreglu fyrir bókhaldsbrot. Eins og lögreglu ber skylda til að gera var málið kannað og farið yfir bókhald og verklagsreglur hjá Kennarasambandinu. Ítarleg greinagerð leiddi ekkert óeðlilegt í ljós og var málinu vísað frá. Niðurstaðan var kærð til ríkissaksóknara sem staðfesti niðurstöðu Héraðssaksóknara.

Hinn 12. maí 2015 barst embætti sérstaks saksóknara kæra þín f.h. umbjóðenda þinna varðandi ofangreint. Embætti sérstaks saksóknara og síðan embætti héraðssaksóknara, eftir að það embætti tók við málum embættis sérstaks saksóknara, sbr. 29. gr. laga nr. 47/2015, hafa haft umrædda kæru til skoðunar og málið til rannsóknar. Er það niðurstaða héraðssaksóknara að ekki sé grundvöllur til að málið sæti frekari rannsókn og hefur rannsókn þess því verið hætt með vísan til 4. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

Unnt er að kæra þessa niðurstöðu til ríkissaksóknara og er kærufrestur einn mánuður.

3. Niðurstaða héraðsdóms 2016

Úrskurðarorð

Í aðalsök er fallist á kröfu gagnstefnanda, Kennarasambands Íslands, um frávísun á kröfulið númer 1.1, þar með talið öllum undirliðum, og á kröfuliðum 1.2 og 1.4 og er þessum kröfuliðum vísað frá dómi.

Í gagnsök er hafnað kröfu aðalstefnanda, Vísindasjóðs Félags framhaldsskólakennara og Félags stjórnenda í framhaldsskólum, um að kröfum gagnstefnanda verði vísað frá dómi.

Eitt stéttarfélag

Rætt hefur verið um „sjóðasukk“ og óvarlega meðferð á fjármunum félagsmanna. Rétt er að árið 2008 var haldið kveðjuhóf til heiðurs tveimur starfsmönnum félagsins sem áttu að baki áratuga starf hjá gömlu félögunum sem mynda KÍ. Annar starfsmaðurinn þjónustaði m.a. endurmenntunarsjóðina.

Kostnaði við kveðjuhófið var deilt niður á sjóðina og ekki leitað formlegs samþykkis sjóðsstjórna. Það er auðvitað röng málsmeðferð og hafa svona vinnubrögð fyrir löngu verið færð til betra horfs.

Talað hefur verið um slumpgreiðslur án skýringa. Kennarasambandið er eitt stéttarfélag en ekki regnhlífarsamtök eins og BHM. Þannig er einn miðlægur sjóður, félagssjóður, og allur rekstrarkostnaður innanhúss er greiddur úr honum. Reglulega fer svo fram uppgjör við sjóðina. Allur rekstrarkostnaður við endurmenntunarsjóðina, svo sem launakostnaður og skrifstofukostnaður, er greiddur úr félagssjóði. Þannig myndast um tíma skuld sjóða við félagssjóð. Reglulega er þetta svo skuldajafnað með millifærslum af sjóðum yfir á félagssjóð til að leiðrétta stöðuna. Þetta hafa fulltrúar úr sjóðsstjórn kallað óútskýrðar millifærslur og látið að því liggja að um fjárdrátt sé að ræða. Það er ekki rétt.

Samningar um þjónustu

Óundirritaðir samningar lágu fyrir um aðstöðugjöld sjóða. Fram til 2008 hafði aðstöðugjald sjóða verið innheimt á grundvelli þingssamþykktu KÍ. Engar athugasemdir voru gerðar við það fyrr en árið 2008 þegar stjórn Vísindasjóðs benti á þá staðreynd að engir skriflegir samningar lægju fyrir um rekstur sjóðsins. Það var réttmæt ábending og var gengið frá öllum samningum við sjóðina í framhaldinu. Aðstöðugjaldið sjálf var u.þ.b. 5% af veltu eins og það er í dag og má benda á að aðstöðugjald sjóða er lægra hjá KÍ en BHM.

0,22% - „týnda“ framlag Tækniskólans

Eins og bent hefur verið á réttilega skiluðu 0,22% af framlögum Tækniskólans sér ekki til Vísindasjóðs á tilteknu tímabili. Þetta kom fram við skoðun gagna frá þeim tíma. Mér vitanlega var aldrei haft samband við Kennarasamband Íslands að leita skýringa heldur var þetta hluti af kæru sjóðsstjórnar til lögreglu og var stjórn FF ekki upplýst um það.

Þegar mér varð kunnugt um málið í haust hringdi ég í skólameistara Tækniskólans og fjármálastjóra, var í sambandi við forritara DK kerfisins og endurskoðandi Kennarasambandsins fór yfir færslur frá þeim tíma. Á þremur dögum fannst skýringin en fyrir mistök hafði forritun hjá DK hugbúnaði varpað þessum 0,22% í sjúkrasjóð. Reyndar var á þessum tíma talsvert um villur frá Tækniskólanum og fannst sambærileg villa í hina áttina, ofgreiðslur í Vísindasjóð. Þetta liggur nú fyrir og hefur verið leiðrétt. Upphæðin var að minni tillögu lögð inn á biðreikning FF hjá Íslandsbanka. Frá launagreiðendum berast um 40 þúsund skilagreinar mánaðarlega. Einungis er hægt að sannreyna greiðslur á grundvelli skilagreinaanna með stikkprufum. Öll stéttarfélög glíma við þetta sama vandamál – að ekki er hægt að sannreyna hverja einustu skilagrein. Ofgreiðslan til Vísindasjóðs fór fram hjá starfsmanni sjóðsins því auðvitað er ekkert frekar hægt að sannreyna allar greiðslur þar frekar en annars staðar.

Trúnaðarbrestur og ástæða fyrir ákvörðun stjórnar FF að kalla aðalfundarfulltrúa félagsins saman

Stjórn FF fékk umboð sitt í almennri póstkosningu meðal allra félagsmanna vorið 2014. Stjórn FF ber þannig ábyrgð á öllum rekstri og einingum félagsins, líka rekstri Vísindasjóðs. Í lögum Félags framhaldsskólakennara segir um Vísindasjóð:

Ekki unnt að breyta verklagsreglum nema með staðfestingu stjórnar

Þrátt fyrir það hefur reglum verið breytt frá árinu 2011 án þess að slíkt sé borið undir stjórn FF:

- Apríl 2011 – ákvörðun um aðskilnað bókhalds Vísindasjóðs

- Afturköllun prókúru starfsmanns – veitt til allra stjórnarmanna Vísindasjóðs
- September 2011 – Flytja styrki vegna námskeiða innanlands úr B deild í A deild
- Gerð krafa um að brottfararspjöld fylgi með umsókn (ekki rafræn)
- Janúar 2012 – skólaheimsóknar styrktar annað hvert ár
- September 2012 – tímalengd skólaheimsókna færð í tvo daga að lágmarki

Stjórn Kennarasambands Íslands setur reglur um þóknanir til nefnda á vegum félagsins. Þar er ekki gert ráð fyrir að greiða akstursgreiðslur innan höfuðborgarsvæðisins og greitt er fyrir fundarsetu miðað við tímalengd 2.500 kr/klst. Í fundargerð stjórnar Vísindasjóðs frá 18. ágúst 2015 er fært til bókar:

„Breytingar á launum stjórnar – ákveðið að hækka hverja þjónustueiningu í 4.000 kr. Lágmarksgreiðsla fyrir hvern fund eru 3 þjónustueiningar. Auk þess fá formaður og ritari tvær einingar í undirbúning og almennur stjórnarmaður eina einingu. Greitt verður fyrir akstur skv. gjaldskrá.“

Á árinu 2015 var aksturskostnaður stjórnar 900 þúsund. Formaður FF hefur margsinnis sent tölvupósta á formann og/eða stjórn vísindasjóðs og óskað eftir gögnum eða upplýsingum um ýmislegt er varðar rekstur sjóðsins. Þeim erindum er fæstum svarað. Undirritaðir ársreikningar hafa ekki verið lagðir fram með þeirri hártögun að einungis þurfi að leggja fram undirritaða ársreikninga á aðalfundum félagsins á fjögurra ára fresti.

Í starfshópi á vegum Fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara og skólastjórnenda var skoðað hvað TALIS rannsóknin 2013 segði um aðstæður kennara og skólastjórnenda til að stunda símenntun og starfsþróun. Þarfir kennara á leik- og grunnskólastigi voru metnar út frá umsóknum þeirra í Vonarsjóðina. Einnig var óskað eftir að sambærilegar upplýsingar yrðu teknar saman fyrir félagsmenn í FF – (erindi sent 23. september 2015) – ekkert svar barst og skýrslan er komin út án upplýsinga um aðstæður kennara og stjórnenda til símenntunar og starfsþróunar á framhaldsskólastiginu.

Stjórn FF sendi formlegt erindi til sjóðsstjórnar haustið 2015 og lagði til að sjóðurinn kæmi í þjónustu FF innan KÍ húss. Því erindi var hafnað af hálfu sjóðsstjórnar.

Löglegur aðalfundur

Stjórn FF fór þá lýðræðislegu leið að kalla saman aðalfundarfulltrúa á aukaaðalfund þann 8. apríl sl. Sömu fulltrúar voru boðaðir á aukaaðalfundinn og voru kosnir af félagsdeildum á aðalfundinn 2014. En samkvæmt lögum FF er kjörtímabil þeirra milli aðalfunda. Fundurinn var málefnalegur og vandað til uppbyggingar hans og komu öll sjónarmið fram í þessu áralanga þrætumáli. Það var ályktað um að sjóðurinn skyldi færður inn í KÍ hús eins og stjórn FF hafði áður lagt til.

Ágreiningur var uppi innan sjóðsstjórnar um áframhald málsins og þegar ljóst var að meirihluti sjóðsstjórnar ætlaði ekki að fara að vilja aðalfundar sá stjórn FF sig knúna til að kalla hópinn saman aftur og kjósa að nýju í sjóðsstjórn þann 7. nóvember nk.

Trúnaðarbrestur hefur orðið á milli stjórnar FF og stjórnar Vísindasjóðs að undanskildum Gísla Þór Sigurþórssyni. Gísli var kosinn aðalmaður í sjóðsstjórn vorið 2014 af aðalfundi FF. Gögnum hefur verið haldið frá honum. Hann hefur ekki verið upplýstur um fundi með lögmanni sjóðsins. Framhjá honum var gengið þegar tekin var ákvörðun að kæra niðurstöðu héraðsaksóknara til ríkissaksóknara. Gísli

hefur alla tíð viljað sættir við KÍ og telur málareksturinn allt of langt genginn og ekki þjóna hagsmunum félagsmanna. Í bræði sagði Gísli sig úr sjóðsstjórn óformlega en dró það til baka stuttu síðar. Formaður og varamaður sjóðsstjórnar hafa lýst því yfir að þetta sé óafturkræfur gjörningur og hefur Gísli ekki verið boðaður á fundi sjóðsins síðan þá.

Ákvörðun stjórnar um að kalla saman aðalfund var studd af fulltrúafundi félagsins þann 9. september. Stjórn FF hafa verið borin valdniðsla og einræðistilburðir á brýn. En hvernig getur það verið valdniðsla að kalla saman löglega kjörna aðalfundarfulltrúa og treysta þeim til að leysa mál sem er gjörsamlega komið í hnút? Á fundinn mætir fullorðið fólk sem hefur alla burði til að meta aðstæður og taka ákvörðun út frá því. Hvernig geta það verið einræðistilburðir að ákveða framhald málsins innan æðstu stofnunar félagsins í samráði við fulltrúa allra félagsdeilda? Og hvers vegna ákveður meirihluti sjóðsstjórnar að eyða hundruðum þúsunda af fjármunum félagsmanna til að koma í veg fyrir lýðræðislega umfjöllun aðalfundar?

Það er vilji aðalfundar að þessum deilum linni og að sjóðurinn komi inn í KÍ hús.

Þetta mál hefur tekið mjög á marga. Það er fyrir löngu komið í öngstræti. Margt mátti færa til betri vegar hvað varðaði vinnubrögð og verklagsreglur KÍ á árum áður en allt hefur verið fært í betra horf og verklagsreglur og vinnubrögð innan Kennarasambandsins eru í góðu lagi. Hér vinnur fagfólk vinnuna sína af alúð og trúmennsku.

Guðríður Arnardóttir, formaður FF